

**AMNESTY
INTERNATIONAL**



Allsherjar- og menntamálanefnd
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 16. febrúar 2022

Efni: Umsögn Íslandsdeildar Amnesty International um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940 (samfélagsþjónusta ungra brotamanna), þskj. 248, 202. mál.

Íslandsdeild Amnesty International vísar til erindis nefndasviðs Alþingis, dags. 2. febrúar 2022, þar sem deildinni var gefið tækifæri á að gefa allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis umsögn um frumvarp til laga um breytingu á almennum hegningarlögum (samfélagsþjónusta ungra brotamanna). Þakkar deildin fyrir að fá tækifæri til þess að tjá sig um frumvarpið.

Aukin áhersla á betrun, sáttamiðlun og samfélagsþjónustu sem fullnustuúrræði er kærkomin og mikilvæg fyrir ungt fólk sem hefur misstigið sig og komist í kast við lögin. Telur Amnesty International það ákaflega jákvætt að börn fái að afplána óskilorðsbundna dóma með samfélagsþjónustu. Tilgangurinn með þessu frumvarpi ætti að mati Amnesty International fyrst og fremst að vera sá að reyna að halda ungum brotamönnum frá fangelsi eins og mögulegt er, þ.e. í þeim tilvikum þegar um ítrekaða skilorðsbundna dóma er að ræða eða þegar til stendur að dæma ungan brotamann í óskilorðsbundið fangelsi.

Í 3. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sbr. lög nr. 19/2013 segir að það sem barni sé fyrir bestu skuli ávallt hafa forgang þegar félagsmálastofnanir á vegum hins opinbera eða einkaaðila, dómstólar, stjórnvöld eða löggjafarstofnanir gera ráðstafanir sem varða börn. Samkvæmt 40. gr. hans segir enn fremur að viðbrögð við afbrotum barna eigi að miða að því að styrkja sjálfsmynd þeirra og hafa uppbyggileg áhrif. Samfélagsþjónusta er því úrræði sem gæti hentað vel fyrir börn sem brjóta af sér þar sem hún gefur þeim tækifæri til að axla ábyrgð á hegðun sinni með uppbyggilegum hætti. Úrræði, svo sem sáttamiðlun eða samfélagsþjónusta, krefjast þess að börn horfist í augu við afleiðingar háttsemi sinnar og eru þannig líklegri til að hafa jákvæð áhrif á sjálfsmynd og hegðun barna. Það er í samræmi við hagsmuni barna að veita dómurum heimild til þess að dæma börn og ungmenni til þess að inna af hendi samfélagsþjónustu eða gera samfélagsþjónustu að skilyrði fyrir skilorðsbundinni frestun refsingar.

Rétt gæti verið að gera þá kröfu að áður en dómari beiti úrræðinu fái hann mat eða umsögn barnaverndaryfirvalda eða annarra þar til bærra aðila um hvort rétt sé að gera samfélagsþjónustu sem skilyrði.

**AMNESTY
INTERNATIONAL**



Með tilliti til ofangreinds styður Íslandsdeild Amnesty International þær tillögur sem koma fram í umræddu frumvarpi.

Virðingarfyllst

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Anna Lúðvíksdóttir'. To the right of the signature is a blue stamp that reads 'AMNESTY INTERNATIONAL' and 'Íslandsdeild' below it.

Anna Lúðvíksdóttir

Framkvæmdastjóri Íslandsdeildar Amnesty International